

LÖG

um breyting á lögum um skráningu og mat fasteigna, nr. 6/2001, með síðari breytingum.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Við lög in bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Til þess að standa straum af kostnaði Fasteignamats ríkisins við að halda og þróa Landskrá fasteigna skulu húseigendur greiða til þess sérstakt umsýslugjald á árinu 2007. Skal gjald þetta nema 0,1% (prómilli) af brunabótamati hve rrar húseignar. Skal váttryggingafélag innheimta gjaldið samhliða innheimtu brunatryggingariðgjalda og skila því til Fasteignamats ríkisins eigi síðar en 45 dögum eftir gjalddaga.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2007.

Gjört í Reykjavík, 20. desember 2006.

Geir H. Haarde.

Sólveig Pétursdóttir.
(L. S.)

Gunnlaugur Claessen.

Árni M. Mathiesen.